

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 5. júní 2025.

Mál nr. 464/2024:

Lýður Árni Friðjónsson

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

gegn

Kópavogsbæ og

(Torfi Ragnar Sigurðsson lögmaður)

Frikirkjunni Kefas

(Elva Ósk Wium lögmaður)

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 31. maí 2024. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 3. maí 2024 í málinu nr. E-1864/2022.
- Áfrýjandi krefst þess að viðurkennt verði að hann sé réttur handhafi lóðarleiguréttinda um lóðina Fagráping 2a í Kópavogi, áður Vatnsendablett 69a, í samræmi við uppboðsafsal sýslumannsins í Kópavogi 23. janúar 1996 og að mælt verði fyrir um að sýslumaður færi uppboðsafsalið í þinglýsingabók. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- Stefndi Kópavogsbær krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms en til vara að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- Stefndi Frikirkjan Kefas krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- Samkvæmt ákvörðun Landsréttar var málið flutt um formhlið þess 4. júní 2025, sbr. 2. mgr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

- Áfrýjandi höfðaði mál þetta á hendur stefndu 28. september 2022. Stefndu tóku til varna og lögðu fram greinargerðir þar sem krafist var frávísunar málsins. Samkvæmt endurriti úr þingbók héraðsdóms var málið tekið fyrir 21. febrúar 2023 og fór þá fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfur stefndu. Var málið í kjölfarið tekið til úrskurðar og bókað að boðað yrði til uppkvaðningar með tíðkanlegum hætti. Samkvæmt þingbók var málið næst tekið fyrir 21. mars sama ár og bókað að lögmenn hefðu boðað forföll og að í málinu væri kveðinn upp úrskurður þar sem kröfum

stefndu um frávísun málsins væri hafnað. Þá er þar bókað að dómari færi nánar tiltekin munnleg rök fyrir niðurstöðu sinni, sbr. 3. málslíð 3. töluliðar 112. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 8. gr. laga nr. 78/2015 og að úrskurðarorðið sé lesið í réttinum í heyranda hljóði. Verður ekki annað ráðið af þingbók málsins en að aðrir hafi ekki verið viðstaddir og heyrt munnleg rök dómarans fyrir framangreindri niðurstöðu en dómarrinn og þingvottur.

- 7 Fyrir Landsrétti kom fram af hálfu beggja stefndu að þeir teldu að ekki hefðu orðið þeir ágallar á meðferð málsins í héraði að ómerkingu varðaði án kröfu. Bentu þeir meðal annars á að úrskurður þar sem frávísunarkröfu er hafnað sé ekki kæránlegur til Landsréttar og því hafi úrskurðurinn sem héraðsdómur kvað upp 21. mars 2023 engin réttarfarsleg áhrif fyrir málið. Þá vísaði lögmaður stefnda Kópavogsbæjar til þess að nú orðið væri dómvenja fyrir því að undir meðferð máls fyrir héraðsdómi væru uppkveðnir úrskurðir um frávísunarkröfur án þess að lögmenn aðila væru í öllum tilvikum viðstaddir en gat að öðru leyti ekki gert nánari grein fyrir þeirri ætluðu dómvenju.
- 8 Svo sem rakið hefur verið boðuðu allir lögmenn aðila forföll í þinghaldi 21. mars 2023, þar með talinn lögmaður áfrýjanda. Þar sem þingsókn féll niður af hálfu áfrýjanda bar héraðsdómara að fara svo að sem segir í b-lið 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991 og fella málið niður, sbr. meðal annars til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 24. ágúst 1999 í máli nr. 238/1999, nema um lögmæt forföll hafi verið að ræða í skilningi 2. mgr., sbr. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 91/1991 en í þingbók kemur ekkert fram um að svo hafi verið. Ef sú var raunin hefði dómara borið að fresta málinu og boða til nýs þinghalds, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Héraðsdómari gerði hvorugt en hvorki ákvæði 3. mgr. 97. gr. laga nr. 91/1991 né b-liðar 1. mgr. 105. gr. sömu laga verða skilin svo að þau taki ekki til þinghalds, sem boðað hefur verið til í því skyni að kveða upp úrskurð um atriði varðandi rekstur máls, sbr. meðal annars til hliðsjónar fyrrgreindan dóm Hæstaréttar. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja meðferð málsins frá og með fyrrgreindu þinghaldi 21. mars 2023 og leggja fyrir héraðsdóm að taka það til löglegrar meðferðar, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 9. október 1997 í máli nr. 404/1997, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á blaðsíðu 2543, og 24. mars 2011 í máli nr. 521/2010.
- 9 Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður.

Úrskurðarorð:

Meðferð málsins frá og með 21. mars 2023 er ómerkt og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Rétt endurrit staðfestir

5.6.2025

Gjald: 900 kr.



